

## Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2018, mánudaginn 14. maí, var haldinn 303. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.30. Viðstödd voru: Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnýr Thoroddsen, Aron Leví Beck, Stefán Benediktsson, Biörn Gíslason og Marta Guðjónsdóttir. Aheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Raket Dögg Óskarsdóttir. Aheyrnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Huld Ingimarsdóttir, Sif Gunnarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Borgarleikhússins. RMF18030006

- Kl. 13.33 tekur Þorgerður Agla Magnúsdóttir sæti á fundinum.

Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, og Kristín Ögmundsdóttir, framkvæmdastjóri Borgarleikhússins, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um nýjan samning vegna Borgarleikhússins. Lögð fram fundargerð hússtjórnar Borgarleikhússins. RMF18030006

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Menningar- og ferðamálaráð felur skrifstofustjóra fjármála og rekstrar og sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs að ganga frá samningi við Borgarleikhúsið í samræmi við tillögur hússtjórnar. Samningi verður vísað til borgarráðs.

Samþykkt.

- Kl. 14.09 tekur Jóna Hlíf Halldórsdóttir sæti á fundinum.

3. Fram fer kynning á nýrri sýningu Sjóminjasafnsins sem opnar aðra helgina í júní næstkomandi. RMF15050006

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns, og Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri á Borgarsögusafni, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lögð fram fundargerð 6. fundar starfshóps um varðveislu menningarminja við Grímsstaðavör, dags. 18. apríl 2018. RMF17080007

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi tillögu starfshópsins:

Starfshópur um menningarminjar við Grímsstaðavör hefur lokið störfum. Lagt er til að menningar- og ferðamálaráð staðfesti að hinar manngerðu menningarminjar séu á ábyrgð Borgarsögusafn en umhverfi þeirra á ábyrgð Umhverfis- og skipulagssviðs enda hluti af græna treflinum, opnu svæði borgarinnar og ásýnd strandlínunnar. Jafnframt leggur starfshópurinn til að menningar- og ferðamálaráð leggi til við borgarráð að unnin verði deiliskipulagstillaga að svæðinu skv. tillögum Ögmundar Skarphéðinssonar frá 2009 sem hugsanlega þarf að endurskoða. Veitt verði 1 m.kr. fjárveiting til Borgarsögusafns árlega á fjárhagsáætlun til að sinna manngerðum minjum.

Samþykkt.

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns, og Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri á Borgarsögusafni, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á Barnameningarhátíð 2018. RMF17080005.

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar- og ferðamálaráð þakkar fyrir vel heppnaða Barnameningarhátíð og óskar öllum Reykvíkum til hamingju með hana. Þakkir eru færðar listafólki, þátttakendum, starfsfólki, verkefnastjórum, stjórn Barnameningarhátíðar og öllum sem komu að hátíðinni.

Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri Barnameningarhátíðar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fram fer kynning á flugráði vegna Grófarhúss. RMF18040010

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri þjónustu og þróunar á Borgarbókasafninu, og Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lagður fram til staðfestingar undirritaður samningur við Iceland Airwaves ehf. um Iceland Airwaves. RMF16080010  
Vísað til borgarráðs til samþykktar.

#### **Fundi slitið kl. 15.50**

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Þórgnýr Thoroddsen  
Stefán Benediktsson  
Björn Gíslason

Aron L. Beck  
Marta Guðjónsdóttir  
Þorgerður Agla Magnúsdóttir